

Foreldraráðsfundur 30.sept 2016

Mættir: Soffía, Ragnhildur, Inga Huld og Hildur

Almennt:

- Rætt um fjölbreytni í samsetningu starfsmanna leikskólans
- Efla má samstarf leikskóla og grunnskóla
- Rætt um sameiginlega þætti í leikskólanum, mætti efla fleiri – t.d. jóga/núvitund/slökun
- Samskipti foreldra og leikskóla, má alltaf efla og samræma
- Vináttuverkefni – mætti kynna betur fyrir foreldrum
- Það vantar kassann undir gefins bækur á Sólbrekku
- Uppfæra heimasíðu leikskólans og bæta við nýjum upplýsingum, s.s. aldursamsetningu deilda, hvaða bækur eru lesnar í samverustund á mismunandi deildum foreldrum og forráðamönnum til upplýsinga svo og setja inn upplýsingar um foreldraráð
- Öryggismál: gúmmímottur á útisvæði, fleiri eiga eftir að koma

Matarmál:

- Byrjað var að bjóða upp á lýsi á morgnana í haust sem gengur vel. Sykrað kex var tekið af matseðli og er ekki saknað.
- Kanill er ekki lengur í boði dagsdaglega, aðeins með grjónagrjót. Ceylon kanill verður keyptur framvegis.
- Rætt um álegg, mögulegt að bæta við hummus og pestó og minnka unna kjötvöru eins og skinku
- Veitingar sem komið er með í leikskólann í tilefni af afmælum og öðrum tilefnum. Ákveða hvað er leyfilegt í samráði við Foreldrafélag LS og leikskólann
- Skólanámsskrá er uppfærð árlega en ekki endurskoðuð í heild árlega. Ábending frá fyrra foreldraráði að bæta við kafla 6.5. um heilbriði og velferð ítrekuð.